

Umsögn vegna Teningsins 2021

Teningurinn 2021 – CRI hf. (Carbon Recycling International).

Teninginn árið 2021 hlýtur fyrirtækið Carbon Recycling International – CRI hf. fyrir þróun ETL tækninnar og verkfræðilega hönnun verksmiðju í Anyang borg í Henan héraði í Kína.

Carbon Recycling International – CRI hf. var stofnað árið 2006 með það að markmiði að þróa ETL (Emissions-to Liquids) tæknina til að umbreyta vetni og koltvísýringi í endurnýjanlegt eldsneyti og hráefni til efnaframleiðslu, metanól. Fyrsta verksmiðja CRI á iðnaðarskala, og sú fyrsta í heiminum, var gangsett í auðlindagarðinum í Svartsengi árið 2012 og nýtir koltvísýringsútblástur frá orkuveri HS orku. Gasið er hreinsað og látið hvarfast við vetni sem framleitt er með rafgreiningu úr vatni. Afurðin, metanól, er nýtt sem eldsneyti.

CRI varð þar með fyrsta fyrirtækið í heiminum til þess að framleiða og selja vottað rafeldsneyti. Í dag er CRI í forystu á heimsvísu í þróun tækni til að nýta koltvísýring við framleiðslu rafeldsneytis og efnavöru. Það sem áður fór til spillis verður að orku og hráefni.

Shunli efnaverksmiðjan í Anyang, sem er á lokastigi gangsetningar, verður sú stærsta sinnar tegundar í heimi. Heildarfjárfesting í verkefninu er um 12 milljarðar króna.

Í verksmiðjunni verða endurnýtt um 150 þúsund tonn koltvísýrings sem samsvarar útblæstri 40 þúsund bensín- eða dísilbíla á Íslandi. Afraksturinn verður um 110 þúsund tonn á ári af metanóli. Hönnun verksmiðjunnar er byggð á ETL tækninni sem CRI hefur þróað og markaðssett, og nú skalað upp nær 28-falt ef miðað er við fyrstu verksmiðjuna í Svartsengi.

Verkfræðileg hönnun efnaverksmiðja krefst sérþekkingar sem er vandfundin á Íslandi. CRI hefur á undanförunum árum markvisst byggt upp þekkingu og þjálfað sérfræðinga í þessi störf. Þannig hefur fyrirtækið stuðlað að aukinni sérþekkingu hér innanlands í þessari grein verkfræðinnar.

Saga CRI er til vitnis um hvernig íslenskt fyrirtæki getur orðið vaxtarsproti í hringrásarhagkerfinu og byggt starfsemi sín á útflutningi á umhverfislausnum og hugviti sem þróað hefur verið á Íslandi.